

Starfsemi Menntaskólans á Akureyri 15. mars – 15. apríl

<https://www.n4.is/is/thaettir/file/covid19-framhaldsskolar-a-akureyri-17-03-2020>

Kæru nemendur og starfsfólk.

Ég vil þakka ykkur fyrir að hafa brugðist við samkomubanni og breytingum á skólahaldi af mikilli yfirvegun. Skólinn leggur allt kapp á að tryggja aðstoð við nám nemenda svo þeir geti lokið áföngum sínum farsælega og stúdentsefni brautskráðst 17. júní í vor. Nemendur eru hvattir til að fylgjast með tilkynningum frá kennurum og stunda nám sitt reglulega. Í MA hefur verið mikil áhersla á staðnám og mætingu í kennslustundir og því er þetta vissulega mikil en þó spennandi breyting.

Nemendur

Kennsla í húsnæði skólans fellur niður og verður þess í stað færð á rafrænt form.

Nemendur hafa ekki aðgengi að húsnæði skólans. Þeir nýta sér þjónustu skólans (námsráðgjafa og ritvers, afgreiðslu, skrifstofustjóra og stjórnenda) rafrænt og kennsla fer einnig þannig fram.

Nemendur og forráðamenn skrá veikindi í Innu líkt og áður og kennarar halda utan um mætingaskráningu.

Starfsemi skólans

Þótt samkomubann hafi verið sett á og kennsla í húsnæði MA lögð niður verður áfram reynt að halda uppi starfsemi skólans í samræmi við leiðbeiningar á vef embættis landlæknis og reglugerð heilbrigðisráðherra um samkomubann.

Það er ákvörðun hvers og eins starfsmanns hvort hann kýs að vinna í skólanum eða heima hjá sér – þegar því verður við komið.

Kjósi kennarar að vinna í skólanum eru þeir beðnir um að vera fáir í einu á sameiginlegum vinnusvæðum og virða fjarlægðarmörk, vinna til dæmis frekar í kennslustofum.

Aðrir starfsmenn sem vinna saman í teyrum, vinna til skiptis heima og í skólanum.

Starfsfólk fer eins lítið milli húsa og hægt er.

Öll hús skólans verða læst og aðeins aðgengileg starfsfólki.

Íþróttahúsið er lokað.

Leitast verður við að hafa alla fundi í fjarfundarbúnaði.

Svarað verður í síma í afgreiðslu skólans 455-1555 frá kl. 9 til 12. Náms- og starfsráðgjafar og sálfræðingur bjóða upp á fasta símaviðtalstíma og einnig er hægt að senda þeim tölvupóst og óska eftir símtali. Netfang skólans er ma@ma.is og á ma.is eru netföng stjórnenda. Almennum upplýsingum verður miðlað á vef skólans og facebook síðu.

Akureyri 18. mars

Jón Már Héðinsson

skólameistari